

Vistunarreglur Heilsuleikskólans Kærabæjar

1. Upphaf og lok vistunar

Í Heilsuleikskólanum Kærabæ er tekið við barni frá því að það nær eins árs aldri og fram að sumarlokun áður en barnið hefur skólagöngu í grunnskóla.

Myndist biðlisti við leikskólann fer barnið á biðlista frá því að umsókn berst. Þurfi að velja milli barna á sama aldursári ræður kennitala, þannig að eldra barn gengur fyrir.

2. Skilyrði fyrir vistun

Skilyrði fyrir vistun er að a.m.k. annað foreldri og barn séu með lögheimili í sveitarfélaginu. Þó er heimilt að taka barn til vistunar til skemmri tíma þó hvorugt foreldra eigi lögheimili í sveitarfélaginu enda liggi fyrir því gildar ástæður að mati leikskólustjóra og vistunin komi ekki til með að hafa aukinn kostnað í för með sér.

Íbúar með lögheimili í Skaftárhreppi hafi þó alltaf forgang fram yfir aðra.

3. Forgangshópar

Hægt er að sækja um forgang vegna leikskólavalar til fræðslunefndar fyrir barn ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila eða félagsmálayfirvöldum skal fylgja með umsókn um forgang þar sem það á við. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavistun. Forgangur er eins og önnur vistun háð því að laust pláss sé fyrir hendi. Beiðni um forgang þarf að koma frá foreldrum/forráðamanni, barn fer ekki sjálfkrafa í forgang. Til staðfestingar að því að foreldri sé einstætt ber að framvísa vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.

Við úrvinnslu á biðlistum skal hafa eftirfarandi í huga.

- a) Fötluð börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska og börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl vegna félagslegra, andlegra eða líkamlegra frávíka.
- b) Börn einstæðra foreldra.
- c) Börn í elsta árgangi leikskólans, 5 ára börn.

- d) Börn sérmenntaðra starfsmanna sveitarfélagsins sem sveitarstjórn metur að ráðning sé háð leikskólavistun og varði hagsmuni sveitarfélagsins.

4. Vikulegur vistunartími

Lágmarksvistun er 3 dagar í viku.

5. Daglegur vistunartími

Daglegur vistunartími skal ekki vera styttri en 4 tímar samfelld. Hann hefst kl 8:00 eða 9:00.

Æskilegt er barnsins vegna að það mæti vel og stundvíslega í leikskólann og að vistunartími sé virtur. Barninu skal skilað í hendur starfsfólks og látið vita þegar barn er sótt.

Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna leikskólastjóra hverjum sé heimilt að sækja barnið í leikskólann. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölinu.

Ef foreldrar óska eftir breytingu á vistunartíma barns sækja þeir um það til leikskólastjóra, og skal óskin þar um berast með fimmtán daga fyrirvara og miðast breytingin við næstu mánaðarmót. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar.

6. Afsláttur

Foreldrum er skylt að tilkynna leikskólastjóra breytingar á högum sínum sem geta leitt til breytinga á leikskólagjöldum. Afslættir eru ákveðnir í gjaldskrá.

7. Lokanir

Leikskólinn er lokaður fimm vikur samfelld ár hvert vegna sumarleyfa. Ekki eru greidd leikskólagjöld fyrir þann tíma sem lokað er. Skipulagsdagar starfsfólks leikskólans eru sex á ári. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum sem merktir eru á skóladagatali leikskólans og ávallt auglýstir til foreldra.

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgang.

8. Annað

Barnið er slysatryggt í leikskólanum.

Starfsfólk og foreldrar eru bundin þagnarskyldu.